Nd. **486. Frumvarp til laga** [94. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. apríl.)

**1. gr.**

Í stað „⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana" í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita eintökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.